

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matorka ehf Fellsmúla Hellu



Dags eftirlits	3.7.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Matorka ehf	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Fellsmúli	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500412-0540	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhanna Hlöðversdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Cees-Jan Bastiaansen, Neil Stallard	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu.

Ein ábending var sett fram þess efnis að upplýsingar um fosfór- og niturinnihald í fóðri skulu koma fram í ársyfirliti.

Ekkert eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Matorku, Fellsmúla. Matorka Fellsmúla er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun og gildir til 4. desember 2030.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð (Fellsmúli)

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Þrjú frávik komu fram í síðasta eftirliti, árið 2024. Þeim var öllum lokað áður en eftirlitið árið 2025 fór fram. Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu árið 2024. Rekstraraðili hefur brugðist við þeim öllum með fullnægjandi hætti og er því ekki tilefni til eftirfylgni.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Ársyfirliti var skilað þann 27. mars 2025. Losun fosfórs og niturs frá stöðinni árið 2024 var innan heimilaðra marka skv. starfsleyfi rekstraraðila. Rekstraraðila er bent á að láta upplýsingar um fosfór- og niturinnihald í fóðri koma fram í yfirlitinu. Umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) var skilað þann 27. mars 2025. Frárennslismælingar voru gerðar 25. október 2024 og bárust niðurstöður þeirra fyrir 1. maí 2025 eins og kveðið er á um í starfsleyfi. Niðurstöður mælinganna voru í samræmi við kröfur sem gerðar eru í starfsleyfi. Í eftirliti árið 2024 var sett fram ábending um að uppfæra þyrfti vöktunaráætlun rekstraraðila. Eftirlitsaðili hefur fengið senda vöktunaráætlun sem nú er til skoðunar.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Smávægilegar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Hingað til hafa gögn frá rekstraraðilum í sumum tilfellum einungis verið rýnd áður en farið er í vettvangsheimsókn en það verklag hefur getað orðið til þess að gögn hafa beðið hjá stofnuninni í allt að þrjú ár án þess að þau hafi verið rýnd.

Nýjar leiðbeiningar um olfuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Þar sem engin olfuskilja er í húsnæði rekstraraðila er lítið svo á að leiðbeiningarnar séu til kynningar.

- Önnur mál

Farið var yfir hvaða borholur eru á lóð rekstraraðila og hverjar þeirra eru notaðar. Níu holur eru á lóðinni en tvær þeirra (FM-03 og FM-04) eru ekki nothæfar og eru því sjö holur nýttar til vatnstöku. Nýtingarleyfi hefur ekki verið gefið út.

- Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Efnageymsla var skoðuð og þau öryggisblöð sem eru til staðar. Engar athugasemdir eru gerðar. Gengið var að útrás stöðvarinnar og sýnatökustaðir skoðaðir. Ekki var sjáanlegur vöxtur rotvera við útrásina. Að lokum var nýjasta eldishús rekstraraðila skoðað. Engar athugasemdir eru gerðar við umgengni og frágang.


ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu þess efnis að upplýsingar um fosfór- og niturinnihald í fóðri skulu koma fram í ársyfirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.08.2025


Freyr Ávarsson